

Hákon Jensson

**Fornleifaskráning á Þeystareykjum fyrir Landsvirkjun og
Þingeyjarsveit.**



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2025/13



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

Forsíðumynd: Hellisopið á Mórahelli, mynd er tekin í suður.



©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2025/13

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	4
SAMANTEKT.....	18
HEIMILDASKRÁ.....	19

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að sjá um að skrá fornleifar á Þeistareykjum fyrir Landsvirkjun og Þingeyjarsveit. Landsvirkjun stefnir á að opna nýjar borholur og var upphaflega svæðið stækkað í þrjú skipti. Landsvirkjun vildi láta gera fornleifaskráningu á svæðinu áður en ákveðið væri hvernig framkvæmdum væri háttað til að reyna að forðast að raska minjum á staðnum. Í tilfelli Þingeyjarsveitar þá voru níu svæði skoðuð sem fyrirhugað er að gera áningarstaði og reisa þar upplýsingaskilti.

Í gegnum árin hafa fornleifar verið skráðar á Þeistareykjum í nokkur skipti af mismunandi ástæðum. Flestar þeirra uppfylla þó ekki núverandi kröfur Minjastofnunar um skráningaraðferðir og þöfnuðust því uppfærslu. Vettvangsskönnun fór fram í nokkur skipti sumarið 2025 allt frá maí til október. Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 3511.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem beri ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

¹ Heimasíða Minjastofnunar.

² Heimasíða Minjastofnunar.

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22. grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, 24. grein í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁵

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti byggt sínar stjórnsýsluákvarðanir á.⁶

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands. Í undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmskonar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum á map.is, örnefnaskrár, loftmyndir og niðurbalsgögn frá Landmælingum Íslands ásamt upplýsingum frá staðkunnugum.

Í gegnum árin hafa verið gerðar nokkrar fornleifaskráningar á Þeistareykjum. Fornleifastofnun Íslands skráði fyrst fornleifar árið 2001 af heimatúni jarðarinnar og 2006 af fornleifum utan heimatúns. Árin 2007 og 2008 skráði Fornleifastofnun Íslands fornleifar í tengslum við línu- og veglagningar á svæðinu. Starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins (nú Minjastofnun) skráðu og mældu upp stóran hluta af minjunum árið 2008 vegna úttekta á háhitasvæðum. Árið 2021 tók Fornleifastofnun Íslands saman gögn úr eldri skýrslum, þar á meðal skýrslu Minjastofnunnar ásamt því að leita að áður óþekktum minjum með aðstoð loftmynda.⁷ Heimatún Þeistareykja var svo mælt upp af starfsmanni Sagnabrunns haustið 2025.⁸

Mikið af eldri skráningunum þörfuðust uppfærslu miðað við núverandi staðla og aðferðir. Samkvæmt Minjastofnun þarf ekki að mæla upp minjar sem höfðu verið mældar upp miðað við núverandi staðla en kanna þyrfti ástand þeirra og hvort einhverjar breytingar hefðu átt sér stað á þeim.

Þegar öll þessi gögn höfðu verið skoðuð var farið í vettvangskonun þar sem gengið var skipulega um svæðið. Minjar sem fundust á vettvangi voru mældar upp með Trimble GPS tæki, ljósmyndaðar og mældar. Jafnframt voru þeir minjastaðir sem þegar voru uppmældir skoðaðir og athugað hvort þyrfti að uppfæra skráninguna.

Þar sem all ítarlega hefur verið fjallað um sögu jarðarinnar í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands frá 2021⁹ og skýrslu Fornleifaverndar ríkisins frá 2008¹⁰ þá er ekki fjallað frekar um hana í þessari skýrslu.

Kortavinna var unnin í Microstation v8i forritinu. Landsvirkjun útvegaði loftmynd frá 2025 frá Loftmyndum ehf fyrir þeirra afmörkun. Fyrir Þingeyjarsveit var notað skjáskot af map.is frá 2020 með leyfi Loftmynda ehf.

⁶ Heimasíða Minjastofnunnar.

⁷ Elín og Orri, bls. 4.

⁸ Indriði, 2025, bls. 2.

⁹ Elín og Orri, 2021, bls. 9-12.

¹⁰ Sigurður, 2021, bls. 5-8.

4. Fornleifaskráning

Fornleifanúmer: 3511-01

Hnit: A592904.5 N600561.0 ISN93

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Varða

Í kringum 90 m suður af Þeistareykjavirkjun um 180 m austur frá Þjóðvegi, upp á hól eru líklega leifar af vörðu. Hún er hringlaga um 1,2 m í þvermál, hæð 0,1-0,5 m. Ekki sést móta fyrir steinum í vörðunni en gróið er yfir hana.



Mynd 1. Líklega leifar af vörðu, myndin er tekin í norður.

Fornleifanúmer: 3511-02

Hnit: A592771.4 N599791.5 ISN93

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Varða

Í kringum 50 m norður af vegarslóða sem liggur í austur upp á Ketilfjall og upp að Litla Víti og um 130 m austur frá Þjóðveginum er hryggur. Hryggurinn liggur í sveig norðaustur og á honum eru sjö steinhleðslur misjafnar að gerð.

Nyrsta steinhleðslan er líklega varða hún er innan framkvæmdasvæðis Landsvíkjunnar, um 1 m í þvermál og 0,3-0,8 m á hæð, hlaðinn úr hraungrjóti.



Mynd 2. Varða, mynd er tekin í norður.

Fornleifanúmer: 3511-03

Hnit: A592757.6 N599769.1 ISN93

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Önnur hleðslan á hryggnum um 25 m suðvestur af vörðu nr. 3511-02, um 0,8 m í þvermál og hæð hleðslu er 0,3-0,6 m.



Mynd 3. Steinhleðsla, mynd er tekin í norðaustur.

Fornleifanúmer: 3511-04

Hnit: A592707.8 N599768.8 ISN93

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Þriðja hleðslan var um 50 m vestur af steinhleðslu 3511-03. Umfangið á henni er um 1,3X0,7 m, hæð um 0,3-0,8 m.



Mynd 4. Steinhleðsla, mynd er tekin í norðaustur.

Fornleifanúmer: 3511-05

Hnit: A592689.1 N599765.0 ISN93

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Fjórða steinhleðslan er um 18 m vestur af steinhleðslu nr. 3511-04. Stærð hennar er um 1,3X1,5 m, hæð 0,4-1,1 m.



Mynd 5. Steinhleðsla, mynd er tekin í norðaustur.

Fornleifanúmer: 3511-06

Hnit: A592673.6 N599743.5 ISN93

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Fimmta hleðslan var í kringum 25 m suðvestur af steinhleðslu 3511-05. Þetta líktist meira steinahrúgu en hleðslu. Stærð hennar er um 2X4,3 m, hæð um 0,2-0,8 m.



Mynd 6. Steinahrúga, mynd er tekin í norðaustur.

Fornleifanúmer: 3511-07

Hnit: A592663.9 N599735.9 ISN93

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Sjötta hleðslan er um 10 m suðvestur af steinahrúgu nr. 3511-06. Hleðslan er um 1,3X0,9 m, hæð 0,4-0,7 m.



Mynd 7 Steinhleðsla, mynd er tekin í norðaustur.

Fornleifanúmer: 3511-08

Hnit: A592657.7 N599723.7 ISN93

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Sjöunda og síðasta steinhleðslan á þessum hrygg er um 13 m suðvestur af steinhleðslu 3511-07. Hún er um 2X1,4 m, hæð um 0,2-0,7m.



Mynd 8. Steinhleðsla mynd er tekin í norðaustur.

Fornleifanúmer: 3511-09

Hnit: A593375.5 N599756.5 ISN93

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Varða

Í kringum 2,5 m vestur frá hellisopinu Mórahelli nr. 1780-266¹¹ er lítil varða, um 0,8 m í þvermál, hæð hleðslu 0,2-0,4 m. Hún er hlaðin á steini. Líklega hefur tilgangur þessara vörðu verið að staðsetja hellisopið en erfitt er að sjá það úr fjarlægð. Minnst er á þessa vörðu í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands frá 2021 og er henni gefið númerið SP-250x:021_02¹². Í skýrslunni segir: „(4 steinar á hraunklöpp) sem er er 3 m vestan við hellisopið, og sést hún vel að en hellirinn sjálfur sést ekki fyrr en að er komið.“¹³

¹¹ Minjastofnun - Minjavefsjá

¹² Elín og Orri, 2021, bls. 44.

¹³ Elín og Orri, 2021, bls. 44.



Mynd 9. Lítil varða skammt frá hellisopinu, mynd er tekin í suðvestur.

Fornleifanúmer: 3511-10

Hnit: A592210.2 N598344.9 ISN93

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Varða

Í kringum 596 m norðaustur af fjárborginni nr. 1780-242¹⁴ er lítið vörðubrot. Varðan er um 0,9X1,2 m, hæð hleðslu 0,2-0,4 m. Steinarnir í vörðunni eru frekar flatir og hraungrjót í nágrenninu, hún er uppi á smá hæð.



Mynd 10. Lítið vörðubrot, mynd er tekin í norðvestur.

¹⁴ Minjastofnun - Minjavefsjá

Vestan við Bæjarfjall eru reiðgötur sem þegar hafa verið uppmældar og eru skráðar undir númerinu 1780-277¹⁵ en í skýrslunni frá Minjastofnun segir: „Djúpar reiðgötur (548), sem greinilega eru enn í notkun og liggja norður-suður, eru vestan undir Bæjarfelli, um 3 km sunnan bæjarhólsins og um 350 metra austan vegarslóðans. Hér er um að ræða hluta leiðarinnar yfir Hólasand og norður til Þeistareykja“¹⁶

Jafnframt er fjallað um götuna í skýrslunni frá Fornleifastofnun Íslands 2021 undir minjanúmerinu SP-250x:088¹⁷ en þar segir: „Götuslóði liggur vestan í Bæjarfjalli, í hliðarfæti, og liggur úr suðri til norðurs. Líklega er það sama leið og merkt er inn á kort frá 1935 (uppdráttur Íslands, blað 82). Samkvæmt kortinu lá leiðin úr heimatúni Þeistareykja og meðfram rótum Bæjarfjalls vestanverðs, fram hjá Kvíhólahvilt og svo áfram til suðurs meðfram vesturhlið Kvíahólafjalla og þá langleiðina að Gæsafjöllum þar sem leiðin hefur beygt í næstum 90° til austurs og þá legið meðfram Draugagrundum norðanverðum og áfram til austurs og norðausturs að Bunguvegg á merkjum þar sem hún er sýnd eins og hún endi. Göturnar um Draugagrundir voru skráðar undir sér númeri við fornleifaskráningu 2006 og var ekki hreyft við því við yfirferð 2021, sjá nánar um þann hluta undir númerinu 045. Þýfður lyngmói.

Gatan er mjög greinileg, talsvert niðurgráfin og ógróin. Yfirleitt er gatan þó aðeins einföld. Ekki er ósennilegt að götunni hafi verið fylgt er fólk var að koma sunnan að og til Þeistareykja.“¹⁸


Eins og fyrr segir þá hefur gata verið mæld upp en í þessari skráningu er hún teiknuð lengri í bæði norður og suður. Hluti hennar var mældur á vettvangi og svo teiknuð að hluta eftir loftmynd. Var hún þó aðeins teiknuð í norður þar sem hún rofnaði fyrst utan framkvæmdasvæðis og í suður eins langt og loftmyndin náði. Gatan var um 0,5-0,6 m á breidd og dýpt 0,1-0,3 m. Þar sem gatan var dýpst var víða önnur gata byrjuð að myndast við hliðina á henni.

¹⁵ Minjastofnun - Minjavefsjá

¹⁶ Sigurður, 2008, bls 22.

¹⁷ Elín og Orri, 2021, bls. 81.

¹⁸ Elín og Orri, 2021, bls. 81-82.



Mynd. 11. Reiðgata, mynd er tekin í suður.

Fornleifanúmer: 3511-12

Hnit: A593057.8 N599111.4 ISN93

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Tóftin er ein af þeim sem var skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar Íslands frá 2021 út frá loftmynd og þar var henni gefið númerið SP-250:116¹⁹ en þar segir: „Mögulegar mannvistarleifar, þúst, er um 210 m sunnan við bæjarhólinn á Þeistareykjum. Hún er um 20 m austan við malarplan þar sem borholur á Þeistareykjum eru. Ekki er fullvíst að þau ummerki sem þarna má greina á loftmynd séu eiginlegar mannvistarleifar en úr því fæst aðeins skorið með vettvangsskoðun. Af loftmyndinni að dæma mætti ætla að þarna væri 9 x 7.5 m stór þúst sem mögulega skiptist í þrjú hólfi. Á þessu svæði er mikið um óvenjulega þúfnamyndun og ekki hægt að útiloka að ummerkin séu náttúruleg þótt þau virðist helst til of regluleg til þess.“²⁰

Tóftin er hlaðin upp við náttúrulega upphækkun í landinu til vesturs og suðurs. Tóftin er um 10X7 m, þó aðeins breiðari til suðurs en norðurs. Það eru þrjú rými í henni, eitt lítið án útgangs í suðvesturhluta hennar. Í norðurhlutanum er svo annað töluvert stærra hólf með útgang í norður. Annað stórt hólf í suðvestur með útgang í vestur. Breidd veggja er 0,8-1,2 m og hæð 0,2-0,5 m.

¹⁹ Elín og Orri, 2021, bls. 94.

²⁰ Elín og Orri, 2021, bls. 95.



Mynd 12, tóft byggð upp við náttúrulega hæð, mynd er tekin í norðvestur.

Eldri minjaskráning:

Í skýrslu Fornleifaverndar ríkisins (Minjastofnun Íslands) frá 2008 voru þegar fimm minjastaðir skráðir innan afmarkaðs svæðis og einn í viðbót innan 15 m friðhelgissvæðis minja.

Tvær vörður eru skráðar á norðvesturhluta svæðisins. Syðri varðan er með minjanúmerið 1780-278 í Minjavefsjá²¹ og SP-250x:057 í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands frá 2021.²²



Mynd 13. Varða, mynd er tekin í suðvestur.

²¹ Minjastofnun - Minjavefsjá

²² Elín og Orri, 2021, bls. 69.

Ytri varðan var með minjanúmerið 1780-279 í Minjavefsjá Minjastofnunnar,²³ en SP-250x:093 í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands.²⁴



Mynd 14. Varða mynd er tekin suðvestur.

Mórahellir er skammt sunnan við austurhluta skipulagssvæðisins. Hann er með minjanúmerið 1780-266 í Minjavefsjá Minjastofnunnar,²⁵ en SP-250x:021_01 í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands.²⁶



Mynd 15. Op á Mórahelli, mynd er tekin í suður.

²³ Minjastofnun - Minjavefsjá

²⁴ Elín og Orri, 2021, bls. 83.

²⁵ Minjastofnun - Minjavefsjá

²⁶ Elín og Orri, 2021, bls. 43.

Garðlag með minjanúmerið 1780-241 í Minjavefsjá Minjastofnunnar,²⁷ en númerið 546 í skýrslu Fornleifaverndar ríkisins.²⁸ Fornleifastofnun Íslands fjallaði lítillega um það í skýrslu sinni frá 2021 undir númerinu SP-250x:060.²⁹



Mynd 16. Garðlag, mynd er tekin í norðaustur.

Lítil rétt eða aðhald með minjanúmerið 1780-242 í Minjavefsjá,³⁰ en með minjanúmer SP-250x:019 hjá Fornleifastofnun Íslands í skýrslunni frá 2021.³¹



Mynd 17. Rétt eða aðhald, mynd er tekin í vestur.

²⁷ Minjastofnun - Minjavefsjá

²⁸ Sigurður, 2008, bls. 13.

²⁹ Elín og Orri, 2021, bls. 70-71.

³⁰ Minjastofnun - Minjavefsjá

³¹ Elín og Orri, bls. 41-42.

Síðasti skráði minjastaðurinn er svo með minjanúmer 1780-277 í minjavefsjá,³² en búið er að fjalla nánar um hann í þessari skýrslu með númerið 3511-11.



Mynd 18. Reiðstígur, mynd er tekin í suður.

³² Minjastofnun - Minjavefsjá



— Framkvæmdasvæði Landsvirkjunnar
- - - Minjar á skrá
- - - Nýskráðir minjastaðir


Nafn	ÞEYSTAREYKIR	Dags.	15.12.2025 hj
	ÞINGEYJARSVEIT	Mælikv.	1:13000 í A3

Skýringar:
Kort 1: Landsvirkjun - Fornleifar innan og nærri framkvæmdasvæði Landsvirkjunnar á Þeystareykjum.



0 150 300 450 600 750 900 m

BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR
Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
Unnið eftir mynd nr. e631 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2025



— Framkvæmdasvæði

Nafn	ÞEYSTAREYKIR	Dags. 16.12.2025 hj	Skýringar: Kort 2: Þingeyjarsveit - Afmörkun áningarstaða fyrir Þingeyjarsveit þar sem fyrirhugað er að reisa skilti, alls níu staðir.	BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is	
	ÞINGEYJARSVEIT	Mælikv. 1:38000 í A3		Unnið eftir mynd nr. e621/e622/e631/ e632/e641/e642	frá Loftmyndir ehf. 2020

5. Samantekt

Fornleifaskráningin á Þeistareykjum var tvö aðskilinn verkefni: annars vegar að skrá fornleifar á afmörkuðu svæði fyrir Landsvirkjun út af nýjum borholum og svo hins vegar að skoða níu svæði fyrir Þingeyjarsveit þar sem fyrirhugað er að útbúa áfangastaði og reisa upplýsingaskilti.

Á framkvæmdasvæði Landsvirkjunnar voru þegar sex minjastaðir sem höfðu verið skráðir innan svæðis eða innan 15 m friðhelgisvæðis minja og voru þeir allir skoðaðir. Einn þeirra var lagfærður út frá betri gögnum en hinir höfðu ekki tekið breytingum. Fjórir nýir minjastaðir bættust við innan eða nærri svæðinu og sjö aðrir voru nýskráðir sem voru fyrir utan friðhelgismarka framkvæmdasvæðis. Þar sem flestir minjastaðirnir innan framkvæmdasvæðis Landsvirkjunnar eru í útjaðri svæðis, þá ætti í flestum tilfellum að vera hægt að haga framkvæmdum á þann hátt að minjar verði ekki fyrir raski eða þær séu innan friðhelgismarka þeirra.

Engar minjar fundust innan eða nærri þeirra níu svæða sem framkvæmdasvæði Þingeyjarsveitar nær yfir. Í flestum tilfellum er um mjög lítið svæði að ræða og í töluverðri fjarlægð frá bæjarstæði Þeistareykja þar sem flestir minjastaðirnir eru.

Það er þó ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir að lítið hafi fundist þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 30. desember 2025

Hákon Jensson

6. Heimildaskrá

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson. Höfundar efnis: Orri Vésteinsson, Uggi Ævarsson og Stefán Ólafsson. (2021). Fornleifar á Þeistareykjum: Samantekt um þekktar Fornleifar. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík. FS835-20491

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða HMS, Landeignarskrá (áætlun eignarmarka). Sótt af <https://landeignaskra.hms.is/?aaetlun=true>. Skoðað 30.05.2025.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Indriði Skarphéðinsson (2025). Fornleifaskráning vegna deiluskipulags við Þeistareyki. Sagnabrunnur.

Sigurður Bergsteinsson. Ritstjóri Kristín Huld Sigurðardóttir (2008). Þeistareykir. Fornleifaskráning. Rit Fornleifaverndar ríkisins 2008:13. Fornleifavernd ríkisins.

Heimildarmenn:

Hreinn Hjartarson, 1961, Litlagerði 2, 640 Húsavík.